



Dr  
Í

Í huga  
alltaf  
þannig  
Í 30 ár  
sitt af  
ingar,  
munu  
Anna Cath

Í Vestmannaeyjum er eins og alkunna er talað um tímann „fyrir gos“ og „eftir gos“. En sú skilgreining dugar ekki öllum Vestmannaeyingum. Heiða Björg Scheving talar um „fyrir Ruth og eftir Ruth“. Hún viti ekki hvar hún eigi að byrja þegar hún segir frá stjúpmodur sinni, Ruth Barböru Zohlen, skrifar Heiða full hrifningar í tölvupósti. „Hún er svo áhugaverð þessi þýska kona, sem hefur gert meira fyrir landið en flestir Íslendingar,“ skrifar hún.

#### Með vínglas á eldfjallinu

Hrifning Heiðu er auðskiljanleg. Ruth er ein af þeim fágætu konum, sem eru svo fullar af lífi að tala má um aldursleysi. Þessi fingerða kona hefur sérstakt dálati á að fara í gönguferðir í rokinu. Hún elskar veturna vegna þess að þá ríkir myrkríð og snjóinn vegna þess að hann færir birtu. Ruth elskar sumrin vegna fuglanna og út af því að á nóttunni getur hún farið með vínglas upp á eldfjallið og horft út á hafið þar til sólin að endingu hverfur ofan í það.

Ef ekki væri fyrir nokkrar, hárfinar hrukkur liti hún út fyrir að vera rétt rúmlega fertug, en staðreyndin er sú að Ruth er 64 ára gömul. Þar af hefur hún búið í 30 ár í Heimaey.

Ruth átti sér draum og hann hét Ísland. Hann kviknaði snemma í Stuttgart í Suður-Þýskalandi. Hún lokar bláum augnum á meðan hún rifjar upp. „Ég fékk bók í jólagjöf: Abenteuer aus Island (Íslensk ævintýri).“ Þá var Ruth um tíu ára gömul, nýunda í röðinni af 13 systkinum. Á heimili stórfjölskyldunnar á milli engja og rústa seinni heimsstyrjaldar las hún um jökla,

sem geymdu elfjöll, hesta með fimm gangtegundir og land sem spýtti upp heitu vatni. Síðar fór hún að safna íslenskum frimerkjum „vegna þess að þau voru svo falleg“. Lengi vel réð efnahagurinn þó ekki við ferð til Íslands. Jafnvel þótt hún hefði fengið góða stöðu hjá fasteignasölu eftir skóla og fyrsti maðurinn hennar ynni hjá bílasölu, voru aldrei nægir peningar. Eða það fannst Ruth.

#### Það var eins og að koma heim

Ruth segist hafa verið hræðilega órugg. Hún gekk 25 ára í hjónaband. Ein af fyrstu sjálfstæðu ákvörðunum hennar var þegar hún fór 1978 inn á ferðaskrifstofu til að kynna sér hversu dýrt væri í raun að ferðast til Íslands.

Ódýrasta ferðin með svefnpoka og svefnpokaplássi kostaði 2.500 mörk á mann. Ruth bókaði engu að síður og það sumar flugu hjónin til Reykjavíkur.

„Það var eins og að koma heim,“ segir Ruth. Þau fóru ásamt hópi ferðamanna hringinn í kringum landið. Ruth heillaðist af snævi þökkum fjöllumun, heitum hverunum, litunum, hafinu, loftinu – einfaldlega öllu. Hún var aðeins tvær klukkustundir í Eyjum í þessari heimsókn. „Ég kunní að meta staðinn,“ segir Ruth. „En hefði einhver sagt mér að síðar myndi ég setjast hér að...“ hún hrístir höfuðið og óhanda, svartar lokkana. „Því hefði ég aldrei trúað.“

Þegar hún sneri aftur til Þýskalands losaði hún ekki við Ísland úr huganum. Og það varð björgunarhringurinn hennar. Nokkrum vikum síðar fékk maðurinn hennar slæmar fréttir. Hann var með krabbamein.

## Ruth og Latibær

Ruth er varla búin að koma sér fyrir í stofunni þegar síminn hringir. Hundurinn kvartar hátt og snjall þegar hún stekkur á fætur og hættir að gæla við hann.

„Vantar þig herbergi fyrir tvo? Hvenær myndir þú vilja koma?“ Ruth hleypur með þráðlaust símtóli um íbúðina og svarar á ensku. „Já, með svefnpokum ef þú vilt.“

Þegar hún kemur aftur brosir hún afsakandi. „Það er alltaf nóg að gera,“ segir hún og strýkur svartan lokk frá andlitinu. „Hvar vorum við?“

„Þú hafðir keypt þér bók fyrir börnin þín...“

„Einmitt, það var rétt fyrir jóln 1995.“ Ruth vantaði bók fyrir börnin. Bókabúðin var hinum megin við hornið hjá heimili hennar, sem þarf ekki að koma á óvart því að í Vestmannaeyjum er ekkert langt í burtu. Bókin snerist um tvær persónur, sem setja allt á annan endann í bæ fullum af letihaugum. Ruth kunní að meta söguna og sýndi manni sínum bókina. Hann var nefnilega að leita að barnaleikriti til að setja upp í áhugamannaleikhúsinu, sem þau ráku saman. Honum leist strax vel á og hringdi í höfundinn, Magnús Scheving. Hann féllst á að eiginmaður Ruthar skrifaði leikrit upp úr bókinni. Siggí settist niður við skrifrit. Tveimur mánuðum síðar voru barnabörnin hans farin að fara kollhnís á sviðinu í íþróttalífsbúningi. Leikgerðin að Latabæ var orðin til. „Uppsetningin var sem sagt mín hugmynd,“ segir Ruth og brosir stolt.

Ruth var nýorðin 33 ára, hann var 37 ára.

„Þetta var einfallega alveg hræðilegt,“ segir hún. „Í mínum huga var þó alltaf ljóst: Færi allt á versta veg myndi ég fara aftur til Íslands.“

Allt fór á versta veg. Ruth missti manninn sinn í mars 1981.

Þegar hún segir frá sorgartímanum krossleggur hún hendur og byrjar að klóra án af láts í peysuna sína, sem er með svörtum og appelsínugulum röndum. Þetta gerir hún hvað eftir annað í viðtalinu þegar minningararnar verða sárar.

Skömmu eftir að maðurinn hennar dó bókaði hún sömu hringferð og hún hafði

farið með honum þremur árum áður. Oft vakti hún bjartar nætur og gekk um. Minningararnar sem vögnuðu voru ekki allar góðar. Hjónabandið hafði ekki verið einfalt. Maðurinn hennar drakk. Mikið. Ruth klórar í peysuna. „Ég gat alltaf hætt. Ekki hann.“

#### Yfirskilvitleg figuro og ringulreio

Hvað sem öllu líður var andlát hans áfall fyrir Ruth. Eftir það var henni sama um allt, segir hún. Nema eitt. Þegar hún kom til baka til Þýskalands eftir seinni hringferðina um Ísland vildi hún snúa aftur sem fyrst.

Næst bókaði hún flug um júl. Þá voru engir ferðamenn á Íslandi fyrir utan hana og

# Draumalandið Ísland

Ruth Barböru Zohlen var Ísland draumalandið. Örlögin komu því fyrir að hér fann hún örugga höfn. Hefur hún búið í Heimaey og lagt mörkum. „Meira en margir Íslendur segja sumir. Ruth kveðst aldrei flýttja frá Íslandi.

in Loll



Barnæskuna bjó Ruth í Þýskalandi. Hér spilar hún á flautu ásamt systkinum sínum jólln 1956. Ruth var níunda barnið af 13 systkinum.



Ruth í sumarleyfi í Þýskalandi ásamt öðrum manni sínum, Ara Prastarsyni, árið 1984.



Ruth bakar brauð í hrauninu í Heimaey. Hún fer ídulega með ferðamenn um eyna.



Ruth og Siggi Scheving, hennar þriðji maður, í leikhúsinu 1995. Saman settu þau Latabæ á sviði.

hún deildi hóteli með dönsku handboltaliði. Ásamt því fór hún að skoða Geysi og Gullfoss. Ruth fannst fegurðin ofar skilningi sínum. „Sólin, vatnið, ísinn – þetta var eins og í ævintýri.“ Annars ríkti ringulreið þessa viku, sem hún eyddi á börum og dansstöðum Reykjavíkur. Meðan á dvölinni stóð kynntist hún sjómanni, Ara Prastarsyni. Bátinn sinn gerði hann út frá Vestmannaeyjum.

## Í gámi til Íslands

Eftir að Ruth kom aftur til Þýskalands fóru þau að skrifa á. Sumarið eftir flaug Ruth að nýju til Íslands. Um jólin heimsótti hann

hana í Þýskalandi. „Fjölskylda mín varaði mig við,“ segir hún. „Gættu þín, hann er líka alkohólisti.“ En Ruth þótti vænt um hann. „Hann var ótrúlega góður og ljúfur maður.“ Í maí 1983 benti félagi hans af sjónum þeim á lausa íbúð í Heimaey. Ruth keypti íbúðina, sendi búslóðina í gámi og flutti loksins til draumalandsins. 13. janúar 1985 giftist hún Íslendingnum fyrirvaralaust á milli tveggja veiðitúra. Þau borguðu prestinum með fiski.

Ruth hafði þó ekki höndlað hamingjuna. Ekki aðeins að lítið væri af peningum. Netaveiðimaðurinn var oft lengi til sjós og þegar hann kom í land var drukkið. Aðrir



Ung og hamingjusöm ásamt fyrsta manningnum sínum, Manfred Zohlen, í helgarferð í Þýskalandi 1970.



Sonurinn Þór skírður í Stuttgart sumarið 1985. Við hlið prestsins er annar maður hennar, Ari.



Siggi og Ruth í Vestmannaeyjum 1996. „Við gerðum allt saman,“ segir hún.



Morgunblaðið/Ómar Garðarsson

Ruth við Gullfoss skömmu eftir andlát fyrsta eiginmanns síns, jóln 1981. Ísland varð gríðastaður hennar í sorginni. „Sólin, vatnið, ísinn, þetta var eins og í ævintýri,“ segir hún.

Vestmannaeyingar bættust við og haldin voru villt parti. Stundum var íbúðin í rúst á eftir.

Árið 1985 eignaðist Ruth soninn Þór og 1988 fæddist dóttirin Sólrún. Börnin urðu lífsfylling Ruthar. Þar til fyrsta barnið fæddist vann hún í frystihúsi Ísfélagsins í Heimaey, afhausaði fiska og flakaði.

„Það var ekki eins slæmt og það hljómar,“ segir hún. Einmanaleikinn var erfiðari viðureignar. Hún átti nokkra vini í Heimaey, aðallega útlendinga, sem giftir voru Íslendingum. Þegar upp var staðið var Ruth þó ein með sín vandamál.

#### Hent í djúpu laugina

Atvinnutilboð létti tilveruna. Páll Helgason spurði hana hvort hún vildi ekki vinna fyrir sig sem leiðsögumaður. Hún þyrfti aðeins að þýða það sem rútútblístjórinn segði. Ruth var hikandi en sló til. Hún átti erfitt með að tala fyrir framan mannfjölda.

Hún brosir. „Fyrstu ferðinni minni gleymi ég aldrei: 50 Þjóðverjar og rútútblístjórinn sagði ekki oró!“ Ruth var allveg á nálum og fór að segja ferðalöngunum frá því, sem hún hafði lesið sér til um Heimaey. En eftir að hafa verið dembt út í djúpu laugina fór hún að njóta leiðsögumannsstarfsins. Íöulega tók hún börnin sín með ef maðurinn hennar var ekki heima eða var í því.

„Þetta var góð tilbreyting, ég gat gleymt áhyggjum mínum um stund,“ segir hún. Þess utan fór hún að vinna við að hjálpa öldruðum og gerði það í áratug. Það starf kunnir hún einnig að meta. „Gamla fólkdió var mjög elskulegt,“ segir Ruth.

Ruth skildi á endanum við Ara í janúar 1994. Hann kom klukkutíma af seint og drukkinn í viðtalið hjá prestinum út af skilnaðinum. Presturinn skrifaði undir án þess að hika. Ruth hafði fengið nóg af veröldinni.

„Ef yrt var á mig á götu brast ég í grát,“ segir hún. Hún ákvað að helga sig börnunum, en það fór á annan veg.

#### Við gerðum allt saman

28. febrúar 1994 varð Ruth sér úti um barnfóstru vegna þess að Hálfí í hvoru var að spila á kránni í telfni af afmæli Ása í Bæ auk þess sem stuttir leikþættir voru settir á svið honum til heiðurs. Brátt tók hún eftir máni, sem sat einn við borð.



Morgunblaðið/Ómar Garðarsson

Ruth heldur á Þésa, ungum lunda, sem hún sér um í garðinum hjá sér.



Þési hefur fengið félagsskap. Þörn færðu Ruth fullvaxinn, sérðan lunda.

Hann var sá eini sem ekki drakk áfengi í salnum. Ruth hafði oft séð honum bregða fyrir í Heimaey í háum leðurstígvélum, svörtum leðurjakka með baskahúfu.

Hún vissi þó ekki alveg hver hann var. Í ljós kom að hann var leikstjóri leikþátanna. Og brátt var hann orðinn þriðji maðurinn hennar, Sigurgeir Scheving.

Siggi hafði einnig átt í vandræðum með áfengi, en tveimur mánuðum áður en hann kynntist Ruth hafði hann hætt að drekka. „Og hann byrjaði aldrei aftur!“ segir Ruth stolt. Sambandið var mjög farsælt. „Við gerðum allt saman,“ segir hún. „Annað okkar fékk hugmynd og hitt var með á nótunum.“ Þau keyptu sér hús við Faxastíg við hliðina á áhugamannaleikhúsinu, sem Siggi stjórnaði. Margt kvöldið var Ruth þar við hlið manns síns, skifaði niður fyrir mæli leikstjórans og fór síðan í gegnum þau með leikurinum. Að auki ráku hjónin kvikmyndahús í sama húsi þar sem sýndar voru eldfjallamyndir og um tíma bíómyndir.

Geggjuðustu hugmyndirnar fékk Siggi á veturna. Hann glímdi við þunglyndi á árstíma myrkursins. Ný áform urðu til. Ruth rifjar upp: „Hann stóð við gluggann og sagði: Eigum við ekki að kaupa húsið við hliðina?“ Orð skulu standa. Nú hefur Ruth gistiþátt fyrir 25 manns.

Annar vetur fékk Siggi þá hugmynd að kaupa rútu fyrir ferðamenn. Fyrst var keypt smá rúta og síðan 48 sæta rúta. Einnig urðu þau sér úti um bæt til að

þjóa upp á sjóstangveiðar. Það gekk þó ekki eins vel og vonir stóðu til. Þegar hrúnið kom og þau hættu að geta borgað af lánunum tók bankinn báttinn. Áföll héldu aldrei aftur af Sigga og Ruth. „Við lögðum mikla peninga í þetta, en málið snerist aldrei um þá. Við vildum gera eitthvað gott. Hjá mínum manni dugði aldrei neitt hálfkák,“ fullyrðir hún.

Með haka og skóflu bjuggu þau til þrjá göngustíga í hrauninu því að þau voru á því að þá vantaði. Ruth sýndi gestum á oftast eyjuna sem hún elskar og bakaði brauð í eldfjallinu. Þar kom að erlendar sjónvarpsstöðvar skutu upp kollinum til að fá hina óvenjulegu þýsku konu til að fylgja sér á ferðum sínum. Einhverntímann bættust svo fuglarnir við. Hjónin byrjuðu á að veita soltnum ungum gríðastað og hressa þá við í garðinum hjá sér. Brátt fór fólk að koma með fugla til þeirra. „2010 vorum með með 70 máva með þrjár tær hjá okkur,“ segir Ruth.

#### Örlögin gripa enn í taumana

Í ágúst sama ár settu örlögin enn strík í reikninginn. Siggi greindist með krabba-mein. „Ég hugsaði mér mér: Nei, ekki aftur,“ segir Ruth og þrýstir vörunum saman. Þau fengu tíðindin skömmu eftir að þau höfðu farið saman í sérstaka ferð. Siggi var hrifinn af suðurhluta Evrópu, sem aldrei hafði heillað Ruth sérstaklega. En hún skipulagði sem gjöf handa honum ferð til Tenerife. „Þetta var frábært frí,“

segir hún. „Aðstæðurnar minntu mig reyndar á þegar ég bókaði ferðina til Íslands 1978.“ Aftur þyrfti hún að glíma við missi. Siggi lést í október í fyrra, 77 ára að aldri.

Undanfarnir mánuðir hafa verið erfiðir fyrir Ruth. Hún saknar manns síns mjög. Hún neyddist meira að segja til að loka eldfjallabíóinu. Bæjarfélagið framlangdi ekki leigusamninginn. Nú ætlar hún að einbeita sér að ferðamönnum. Auk þess afgreiðir hún á morgnana í bakarí yfir vetrarmánuðina.

Við göngum niður í garðinn. Ruth sýnir mér litlu lundapsýjuna sem er hjá henni. „Þési, Þési,“ kallar hún. Þýsjan kemur strax út úr litla húsinu sínu og kjagar til Ruthar til að leyfa henni að strjúka sér. Nú hefur annar lundi bæst við, fullvaxinn. Börn fundu fuglinn sérðan og hringdu í Ruth, sem ætlar að koma honum til heilsu. Svartir lokkar Ruthar bylgjast í vindinum þegar hún réttir úr sér og horfir út fyrir lóðina á klettana á móti. Fólk spurði hana hvort hún ætlaði að snúa aftur til Þýskalands eftir andlát Sigga. Þegar hún kvað nei við, það hefði aldrei hvarflað að henni, svörðuð margir með orðunum: „Jæja, Guði sé lof!“ Hún segist finna fyrir miklum stuðningi og væntumþykju hjá öðrum Eyjamönnum. Þess utan hafi hún aldrei verið mikið fyrir að gefast upp. „Fegurðina er svo víða að finna,“ segir Ruth. „Sérstaklega hér, í Vestmannaeyjum, á Íslandi.“